

Nú skorast einhver þessara aðilja undan að taka sæti eða sitja áfram í sjóðs- **34**  
stjórn, og skal þá félagsmálaráðuneytið, sem sjóðurinn heyrir undir, skipa mann í 28. febr.  
stað hans.

Sjóðsstjórn er heimilt að kveðja fimmta mann sem meðstjórnanda, og hefur hann þá sama rétt og sömu skyldur sem aðrir stjórnarmenn.

7. gr.

Stjórn sjóðsins heldur fundarbók og færir inn í hana skipulagsskrá þessa svo og allar ákvarðanir varðandi sjóðinn. Árlega reikninga sjóðsins skal senda Ríkis-  
endurskoðun til endurskoðunar.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skal ársreikningi lokið eigi síðar en 1. febrúar.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og skal hún síðan prentuð í B-deild Stjórnartíðinda.

## REGLUGERÐ

35

6. mars

### um barnavernd í Hafnarkauptúni í Hornafirði.

1. gr.

Í Hafnarkauptúni í Hornafirði er börnum og unglingum innan 15 ára aldurs bannað að vera úti á almannafæri eftir kl. 9 að kvöldi, á tímabilinu frá 1. október til 1. maí, nema í fylgd með foreldrum, eða öðrum forráðamönnum. Þó er þeim heimilt að sækja skemmtanir skóla og æskulýðsfélaga, undir umsjón foreldra eða fulltrúa þeirra.

Óheimill er þeim og, á sama tímabili, aðgangur að kvöldsfélagum kvikmyndahúsa og öðrum skemmtunum, nema í fylgd foreldra eða forráðamanna.

Foreldrum og forráðamönnum barna og unglinga ber að sjá um, að ákvæði þessu sé hlýtt.

2. gr.

Unglingum innan 16 ára aldurs er óheimill aðgangur að almennum veitingastofum, ís-, sælgætis- og tóbaksbúðum eftir kl. 9 að kvöldi, nema í fylgd foreldra eða forráðamanna. Eigendum og umsjónarmönnum slíkra staða ber að sjá um, að unglingar fái þar eigi óheimilan aðgang.

3. gr.

Unglingum innan 16 ára aldurs er bannaður aðgangur að opinberum dansleikjum, öðrum en innanfélagsdansleikjum æskulýðsfélaga, sem unglingarnir eru meðlimir í svo og dansleikjum skólafélaga.

4. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða viðurlögum samkv. lögum nr. 29/1947, um vernd barna og ungmenna.

35

5. gr.

6. marz Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 29/1947, um vernd barna og ungmenna, öðlast þegar gildi.

*Í menntamálaráðuneytinu, 6. marz 1961.*

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Ásgeir Pétursson.

36

10. marz Staðfesting forsetans á skipulagsskrá Minningarsjóðs Hauks Snorrasonar, ritstjóra, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 10. marz 1961. Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

### Minningarsjóðs Hauks Snorrasonar, ritstjóra.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Hauks Snorrasonar, ritstjóra. Hann er stofnaður af vinum og vandamönnum Hauks Snorrasonar og fleiri aðilum.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins er að veita íslenskum blaðamönnum fjárhagslega aðstoð til styttri náms- og hressingardvalar erlendis.

3. gr.

Sjóðurinn veitir viðtöku hvers konar gjöfum og framlögum, er einstaklingar, fyrirtæki og félög vilja leggja fram. Einnig getur stjórn sjóðsins aflað honum tekna. Skal allt slíkt fé lagt við höfuðstól sjóðsins.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins, sem nemur nú kr. 70000.00, má aldrei skerða. Skulu ársvextir jafnan lagðir við höfuðstólinn, þar til sjóðurinn tekur til starfa, en það skal hann gera, þegar  $\frac{3}{4}$  hlutar ársvaxtanna og annarra tekna nægja til þess að uppfylla ákvæði 2. gr. að dómi sjóðsstjórnarinnar, en  $\frac{1}{4}$  ársvaxtanna skal jafnan leggja við höfuðstólinn. Sjóðstjórnin ávaxti fé sjóðsins þannig, eftir því sem unnt reynist, að rýrnun á verðgildi peninga hafi ekki áhrif á eignir sjóðsins.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa fimm menn, kosnir til 3 ára. Blaðamannafélag Íslands velur þrjá og skal einn þeirra vera formaður sjóðsstjórnarinnar. Tímaritið Samvinnan velur einn mann í stjórnina og vandamenn Hauks Snorrasonar eða afkomendur einn.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skal stjórn Blaðamannafélags Íslands láta endurskoða reikninga hans og leggja þá fram á aðalfundi félagsins með reikningum þess.

7. gr.

Skipulagsskrá þessi skal staðfestast af forseta Íslands.